

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 243/2006, um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga.

1. gr.

Reglugerð þessi er sett vegna gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 1787/2006 frá 4. desember 2006 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga.

2. gr.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1787/2006 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga, merkt fylgiskjal I með reglugerð þessari.

Ef ósamræmi er á milli íslensks og ensks texta reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 1787/2006 skal skýra íslenska textann með hliðsjón af enska textanum.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 73. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Um leið fellur úr gildi 35. gr. í fylgiskjali I með reglugerð nr. 243/2006.

Viðskiptaráðuneytinu, 1. mars 2007.

Jón Sigurðsson.

Kristján Skarphéðinsson.

Fylgiskjal I.**Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1787/2006**

frá 4. desember 2006 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga.

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/71/EB frá 4. nóvember um útboðslýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og um breytingu á tilskipun 2001/34/EC [1], einkum og sér í lagi 1. mgr. 7. gr. hennar,

með því að:

(1) Í reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla [2] er gerð sú krafa að ef fyrirtæki starfar samkvæmt lögum í aðildarríki og fær heimild til þess að verðbréf þess gangi kaupum og solum á skipulegum markaði í einhverju aðildarríki beri því að útbúa samstæðureikninga sína samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilavenjum, sem almennt nefnast alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir [International Financial Reporting Standards (IFRS)] fyrir sérhvert fjárhagsár sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar.

(2) Í reglugerð (EB) nr. 809/2004 frá 29. apríl 2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga [3] er gerð sú krafa að sögulegar fjárhagsupplýsingar sem látnar eru í té af útgefendum í þriðja ríki í lýsingum vegna almennra útboða verðbréfa eða skráningar verðbréfa á skipulegan markað séu settar fram í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem samþykktir voru skv. 3. gr. reglugerðar (EB) 1606/2002 eða í samræmi við innlenda reikningsskilastaðla þriðja ríkis sem jafngilda hinum alþjóðlegu stöðlum. Ef sögulegar fjárhagsupplýsingar voru ekki settar fram í samræmi við slíka staðla ber að setja þá fram í lýsingunni í formi endurgerðra (restated) reikningsskila.

(3) Í 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 809/2004 er hins vegar að finna ákvæði til bráðabirgða sem við vissar afmarkaðar aðstæður veita útgefendum í þriðju ríkjum undanþágu frá þeirri skyldu að endurgera sögulegar fjárhagsupplýsingar sem ekki voru settar fram í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eða innlenda reikningsskilastaðla þriðja ríkis sem jafngilda hinum alþjóðlegu stöðlum. Samkvæmt þessum bráðabirgðaákvæðum á sú skylda að endurgera sögulegar fjárhagsupplýsingar ekki við um lýsingu sem lögð er inn fyrir 1. janúar 2007 af útgefanda í þriðja landi sem hefur annaðhvort sett fram sögulegar fjárhagsupplýsingar sínar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eða sem hefur sett fram sögulegar fjárhagsupplýsingar sínar í samræmi við innlenda reikningsskilastaðla þriðja lands og hefur verðbréf skráð á skipulegan markað fyrir þann tíma. Í síðarnefnda tilvikinu, ef hinar sögulegu upplýsingar gefa ekki glögga mynd af eignum og skuldum útgefanda, fjárhagsstöðu hans og hagnaði og tapi er einnig skylt að bæta upplýsingarnar upp með nákvæmari eða frekari upplýsingum eftir því sem nauðsynlegt er til þess að tryggja að glögg mynd fái.

(4) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 809/2004 í núverandi mynd munu þessar undanþágur til bráðabirgða ekki lengur eiga við um lýsingar sem lagðar eru inn frá 1. janúar 2007, og sögulegar fjárhagsupplýsingar sem ekki eru settar fram í samræmi við annaðhvort alþjóðlega reikningsskilastaðla eða jafngilda reikningsskilastaðla í þriðja ríki verður að endurgera.

(5) Frá því að reglugerð (EB) nr. 1606/2002 var samþykkt hafa margar þjóðir tekið alþjóðlegu reikningsskilastaðlana beint upp í innlenda reikningsskilastaðla sína. Þetta sýnir ljóslega að eitt

markmið þessarar reglugerðar – þ.e. að stuðla að aukinni samræmingu reikningsskilastaðla til þess að alþjóðlegir reikningsskilastaðlar hljóti alþjóðlega viðurkenningu og verði í raun hnattrænir staðlar – sé að nást. Af þessum sökum er viðeigandi að útgefendur í þriðja landi skuli undanþegnir þeirri skyldu að endurgera sögulegar fjárhagsupplýsingar sem settar eru fram í samræmi við innlenda reikningsskilastaðla eða að gefa lýsingu á muninum, eins og kveðið er á um í lið (5A) í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar þessarar ef tekið er fram berum orðum og án fyrirvara að samræmis sé gætt við alþjóðlega reikningsskilastaðla, sbr. IAS staðal 1, um framsetningu reikningsskila.

(6) Í ráðleggingum sem gefnar voru út í júní 2005 taldi samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (CESR), sem stofnuð var með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2001/527/EB [4], að góðar reikningsskilavenjur (GAAP) í Kanada, Japan og Bandaríkjunum, þ.e. hverju landi fyrir sig í heild, jafngiltu þeim alþjóðlegu reikningsskilastöðlum sem samþykktir voru með 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, með fyrirvara um úrbætur svo sem varðandi viðbótarupplýsingar og í sumum tilvikum viðbótarreikningsskil.

(7) Í janúar 2005 tilkynntu reikningsskilaráð Japans (ASBJ) og Alþjóðlega reikningsskilaráðið (IASB) um samkomulag sem náðst hafði um að ráðast í sameiginlegt verkefni sem miðar að því að minnka muninn milli alþjóðlegra reikningsskilastaðla og japanskra reikningsskilavenja og í mars 2005 var hleypt af stökkunum sameiginlegri vinnuáætlun um samræmingu japanskra reikningsskilareglna við IFRS. Í janúar 2006 gaf reikningsskilaráð Kanada út opinbera yfirlýsingu um það markmið sitt að stefna að upptöku alþjóðlegra viðurkenndra hágæðastaðla fyrir almenn hlutafélög og var niðurstaða ráðsins að þessu markmiði yrði best náð með því að samræma kanadíska reikningsskilastaðla við IFRS innan fimm ára. Í febrúar 2006 gáfu Alþjóðlega reikningsskilaráðið og reikningsskilaráð Bandaríkjanna út viljayfirlýsingu þar sem lýst er vinnuáætlun um samræmingu alþjóðlegra og bandarískra reikningsskilastaðla í því augnamiði að uppfylla eitt þeirra skilyrða bandaríska verðbréfaeftirlitsins (SEC) sem nauðsynlegt er að uppfylla áður en eftirlitið samþykkir að afnema, í síðasta lagi árið 2009, kröfuna um afstemmingu sem það gerir til erlendra útgefenda sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og eru skráðir hjá SEC.

(8) Mikilvægt er hins vegar að gæði reikningsskila samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, sem byggja á grundvallarreglum, verði tryggð, að alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum verði beitt með samræmdum hætti, að viðeigandi réttaröryggi verði tryggt fyrir félög og fjárfesta og að félögum í Evrópusambandinu verði tryggt jafnræði á heimsvísu að því er varðar reikningsskil. Framtíðarmat á jafngildi ætti að grundvallast á nákvæmri tæknilegri og hlutlægri greiningu á muninum milli alþjóðlegra reikningsskilastaðla og reikningsskilastaðla í þriðju ríkjum, svo og á raunverulegri framkvæmd þeirra reikningsskilavenja í samanburði við alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna. Fylgjast þarf náið með framgangi samræmingarferlisins áður en ákvörðun er tekin um jafngildi.

(9) Í ljósi þeirrar viðleitni þeirra sem setja reikningsskilastaðla í Kanada, Japan og Bandaríkjunum að vinna að samræmingu við alþjóðlega reikningsskilastaðla er talið rétt að framlengja ákvæðin til bráðabirgða sem kveðið er á um í 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 809/2004, þar sem þriðju ríki eru undanþegin skyldunni um að endurgera sögulegar fjárhagsupplýsingar sem teknar eru saman í samræmi við reikningsskilastaðla í Kanada, Japan eða Bandaríkjunum eða (eftir því sem við á) að gefa lýsingu á frávíkunum, í tvö ár til viðbótar að hámarki meðan staðlahöfundar og eftirlitsyfirvöld halda uppi viðræðum, samræmingarferlið heldur áfram og lokið er við framvinduskýrsluna.

(10) Þrátt fyrir það að margar þjóðir hafa tekið alþjóðlegu reikningsskilastaðlana beint upp í innlenda staðla sína eru önnur ríki að laga innlenda staðla sína að alþjóðastöðlum með tímanum. Í ljósi þessa er talið rétt til bráðabirgða, að hámarki í tvö ár, að undanskilja einnig útgefendur í þriðju löndum frá því að endurgera sögulegar fjárhagsupplýsingar eða (eftir því sem við á) að gefa lýsingu á frávíkunum, enda hafi þar til bært stjórnvald í viðkomandi landi opinberlega skuldbundið sig að þessu leyti og sett fram vinnuáætlun. Í því skyni að tryggja að undanþágan gildi aðeins í

tilvikum þar sem þessi skilyrði eru uppfyllt ætti að skylda útgefanda í þriðja landi til þess að leggja fram gögn sem nægja til þess að fullvissa hið lögbæra yfirvald um að hið landsbundna yfirvald hafi gefið út opinbera yfirlýsingu og lagt fram vinnuáætlun. Til þess að tryggja samræmi innan bandalagsins ætti CESR að samræma mat þar til bærna stjórnvalda á því hvort þessi skilyrði séu uppfyllt að því er varðar einstök þriðju ríki.

(11) Á þessu tveggja ára tímabili ætti framkvæmdastjórnin ekki aðeins að halda uppi virkum viðræðum við stjórnvöld í viðkomandi þriðju löndum, heldur einnig fylgjast náið með framvindu samræmingar alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna og reikningsskilastaðla Kanada, Japan, Bandaríkja og annarra þriðju landa sem gert hafa samræmingaráætlun svo að tryggt sé að framkvæmdastjórnin sé í aðstöðu til þess að taka ákvörðun um að jafngildi hafi verið náð a.m.k. sex mánuðum fyrir 1. janúar 2009. Ennfremur mun framkvæmdastjórnin fylgjast grannt með framvindu starfsins sem unnið er af yfirvöldum í viðkomandi þriðja landi til þess að koma í veg fyrir að það skilyrði verði sett fyrir aðgengi að fjármálamörkuðum í þriðja landi að útgefendur í bandalagsríkjum endurgeri reikningsskil sem gerð eru samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Í lok þessa viðbótaraðlögunartímabils verður ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar að vera á þann veg að útgefendur utan og innan Evrópusambandsins standi jafnfætis.

(12) Framkvæmdastjórnin ætti að upplýsa evrópsku verðbréfanefndina (European Securities Committee) og Evrópuþingið reglulega um árangurinn í þá átt að uppræta afstemmingarskylduna og um framvinduna í átt til samræmingar. Þannig ber framkvæmdastjórninni að skila skýrslu til evrópsku verðbréfanefndarinnar og til Evrópuþingsins fyrir 1. apríl 2007 um þá tímaáætlun sem reikningsskilayfirvöld í Kanada, Japan og Bandaríkjunum sjá fyrir sér varðandi samræmingu. Ennfremur, fyrir 1. apríl 2008 og að höfðu samráði við CESR, ætti framkvæmdastjórnin að skila skýrslu til evrópsku verðbréfanefndarinnar og til þingsins um mat á reikningsskilavenjum í þriðju löndum sem beitt er af útgefendum sem ekki er skylt að endurgera sögulegar upplýsingar eða (eftir því sem við á) gefa lýsingu á muninum í lýsingum sem lagðar eru inn hjá þar til bærum stjórnvöldum fyrir 1. janúar 2009. Að lokum, fyrir 1. janúar 2008 og að höfðu viðeigandi samráði við CESR, ætti framkvæmdastjórnin að tryggja að fyrir liggi skilgreining á jafngildi er notuð verði til þess að ákvarða jafngildi reikningsskilavenja þriðju ríkja á grundvelli fyrirkomulags sem komið verði á í þeim tilgangi.

(13) Af þessum sökum er við hæfi að breyta 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 809/2004 þannig að útgefendum í þriðju löndum verði ekki gert að endurgera sögulegar fjárhagsupplýsingar eða (eftir því sem við á) gefa lýsingu á frávikunum í þeim tilvikum sem lýst hefur verið í tvö ár, að hámarki, svo að frekari viðræður geti átt sér stað. Í öllum öðrum tilvikum ætti að skylda útgefendur í þriðju löndum til þess að endurgera sögulegar fjárhagsupplýsingar til samræmis við samþykktu alþjóðlega reikningsskilastaðla eða (í viðeigandi tilvikum) að gefa lýsingu á frávikunum í skráningarlýsingu sem lögð er inn hjá þar til bæru stjórnvaldi 1. janúar 2007 eða síðar.

(14) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

35. gr. reglugerðar (EB) nr. 809/2004 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„Með fyrirvara um mgr. 5A skulu útgefendur í þriðju löndum, sem kveðið er á um í 3. og 4. mgr., frá 1. janúar 2007 setja fram sögulegar fjárhagsupplýsingar sínar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem samþykktir hafa verið skv. reglugerð (EB) nr. 1606/2002 eða í samræmi við innlenda reikningsskilastaðla þriðja ríkis sem eru jafngildir alþjóðlegu stöðl-

unum. Séu slíkar sögulegar upplýsingar ekki í samræmi við neina slíka staðla ber að setja þær fram í formi endurgerðra reikningsskila.“

2. Eftirfarandi málsgreinar 5A, 5B, 5C, 5D og 5E bætist við:

„5A. Útgefendum í þriðju löndum er ekki skylt, skv. 1. mgr. 20. gr. í viðauka I, 1. mgr. 13. gr. í viðauka IV, 2. mgr. 8. gr. í viðauka VII, 1. mgr. 20. gr. í viðauka X, eða 1. mgr. 11. gr. í viðauka XI, að endurgera sögulegar fjárhagsupplýsingar, eða skv. 2. mgr. a 8. gr. í viðauka VII, 1. mgr. 11. gr. í viðauka IX, eða 1. mgr. a 20. gr. í viðauka X, að gefa lýsingu á muninum sem er á milli alþjóðlegra reikningsskilastaðla, sem samþykktir hafa verið skv. reglugerð (EB) nr. 1606/2002, og þeirra reikningsskilavenja sem upplýsingarnar byggja á, í lýsingu sem lögð er inn hjá þar til bæru yfirvaldi fyrir 1. janúar 2009, enda sé eitt af eftirfarandi skilyrðum uppfyllt:

- (a) í skýringum við reikningsskilin, sem eru hluti af hinum sögulegu fjárhagsupplýsingum, sé tekið fram berum orðum og án fyrirvara að þau séu í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla skv. IAS staðli 1, um framsetningu reikningsskila;
- (b) hinar sögulegu fjárhagsupplýsingar séu teknar saman í samræmi við góðar reikningsskilavenjur í Kanada, Japan eða Bandaríkjunum;
- (c) hinar sögulegu fjárhagsupplýsingar séu teknar saman í samræmi við góðar reikningsskilavenjur í þriðja landi öðru en Kanada, Japan eða Bandaríkjunum og eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:
 - (i) stjórnvaldið í viðkomandi þriðja landi, sem ber ábyrgð á viðkomandi innlendu reikningsskilastöðlum, hafi skuldbundið sig opinberlega, fyrir upphaf fjárhagsársins sem lýsingin er lögð inn, að samræma staðlana við alþjóðlega reikningsskilastaðla;
 - (ii) að stjórnvaldið hafi sett fram vinnuáætlun sem ber vitni um þann ásetning að vinna að samræmingu fyrir 31. desember 2008; og
 - (iii) að útgefandi leggi fram gögn sem nægja til þess að fullvissa þar til bært stjórnvald um að skilyrðum i. og ii. liðar sé fullnægt.

5B. Fyrir 1. apríl 2007 skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir evrópsku verðbréfanefndina og Evrópuþingið fyrstu skýrslu sína um vinnuáætlun þar til bærra stjórnvalda sem fjalla um reikningsskilastaðla í Bandaríkjunum, Japan og Kanada varðandi samræmingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla og góðra reikningsskilavenja í þessum löndum.

Framkvæmdastjórnin skal fylgjast grannt með og upplýsa evrópsku verðbréfanefndina og Evrópuþingið reglulega um þann árangur sem náðst hefur í samræmingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla og góðra reikningsskilavenja í Kanada, Japan og Bandaríkjunum og um árangur sem náðst hefur í þá átt að fella niður kröfur um afstemmingu sem gilda í þessum löndum um útgefendur í Evrópusambandinu. Einkum og sér í lagi skal hún upplýsa evrópsku verðbréfanefndina og Evrópuþingið þegar í stað ef framvinda ferlisins er ekki fullnægjandi.

5C. Framkvæmdastjórnin skal einnig upplýsa evrópsku verðbréfanefndina og Evrópuþingið reglulega um þróun viðuræðna milli stjórnvalda og um þann árangur sem náðst hefur við samræmingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla og góðra reikningsskilavenja í þriðju löndum sem fjallað er um í c-lið 5. gr. (A), svo og um framvinduna í átt til niðurfellingar krafna um afstemmingu. Einkum og sér í lagi skal framkvæmdastjórnin upplýsa evrópsku verðbréfanefndina og Evrópuþingið þegar í stað ef framvinda ferlisins er ekki fullnægjandi.

5D. Til viðbótar við skyldur sínar skv. 5. mgr. (B) og (C), skal framkvæmdastjórnin taka upp og halda uppi reglulegum viðuræðum við stjórnvöld í þriðju löndum og fyrir 1. apríl 2008, hið síðasta, skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir evrópsku verðbréfanefndina og Evrópuþingið skýrslu um framvindu samræmingarinnar og árangur sem náðst hefur í átt til þess að fella niður allar kröfur

um afstemmingu sem gilda um útgefendur í Evrópusambandinu samkvæmt reglum þriðja ríkis sem fellur undir b- eða c-lið 5. gr. (A). Framkvæmdastjórninni er heimilt að fela öðrum aðila að taka saman skýrsluna.

5E. Í síðasta lagi sex mánuðum fyrir 1. janúar 2009 skal framkvæmdastjórnin sjá til þess að fram fari mat á jafngildi góðra reikningsskilavenja í þriðju löndum samkvæmt skilgreiningu á jafngildi og matsfyrirkomulagi sem framkvæmdastjórnin kemur á fyrir 1. janúar 2008 samkvæmt þeirri málsmeðferð sem tilgreind er í 24. gr. tilskipunar 2003/71/EB. Við framkvæmd ákvæða þessarar málsgreinar skal framkvæmdastjórnin fyrst ráðfæra sig við samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (CESR) um viðeigandi skilgreiningu á jafngildi, jafngildisfyrirkomulaginu og það jafngildismat sem gert er.“

2. gr.

Reglugerð þessi tekur gildi á þriðja degi eftir birtingu hennar í stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, 4. desember 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Charlie McCreevy framkvæmdastjóri

[1] Stjtið EB L 345, 31.12.2003, bls. 64.

[2] Stjtið EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

[3] Stjtið EB L 149, 30.4.2004, bls. 1; leiðrétt í Stjtið EB L 215, 16.6.2004, bls. 3.

[4] Stjtið EB L 191, 13.7.2001, bls. 43.